

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 1. júní 2022

Efni: Umsögn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 – þingskjal 834 – 592. mál.

FA fagnar tillögu um nýja framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Hraðar breytingar hafa orðið í málaflokknum og mikilvægt er að samræma aðgerðir í þágu markhópsins. FA vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri til að styrkja enn frekar framkvæmdaáætlunina.

1. Samfélagið

1.2. Alls eru fjórtán fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar víðsvegar um landið sem veita ráðgjöf til innflytjenda þegar kemur að starfs- og námsmöguleikum. Eins veita þær ráðgjöf hvert er hægt að leita þegar kemur að mati á námi á milli landa. Hægt væri að tengja starfsemi þeirra enn frekar inn í þennan lið. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar hafa unnið í nánú samstarfi við sveitarfélögin og aðra hagaðila. Nú búa innflytjendur víðsvegar um landið og er það styrkur að fleiri komi að því að veita samræmda upplýsingagjöf og ráðgjöf út frá áherslum Ráðgjafarstofu.

1.2.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar

1.3. FA býr yfir tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast í þennan lið, t.d. um fjölda innflytjenda sem nýtir sér náms- og starfsráðgjöf og hefur farið í gegnum raunfærnimat.

1.3.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1.6. Hér er verið að vísa í Landnemann sem unninn var af Mími-símenntun fyrir Vinnumálastofnun. Nú þegar hefur efnið verið þýtt á sjö tungumálum. FA hefur skrifað nokkrar námskrár, t.d. Að lesa og skrifa á íslensku, Smíðjur og Íslensk menning og samfélag, og eru þær fjármagnaðar af Fræðslusjóði og kenndar hjá fræðslu- símenntunarmiðstöðvum.

1.6.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1.7. Hér geta fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar verið samstarfsaðilar þar sem námsleiðin Samfélagstúlkun sem er vottuð námskrá FA er kennd hjá þeim. Námat byggt á námi fyrir samfélagstúlkun gæti verið liður í því að tryggja gæði þjónustunnar.

1.7.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar

2. Fjölskyldan

2.2. NEET-hópur 18 ára og eldri nýtir þjónustu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í auknum mæli. FA telur að auka eigi valmöguleika ungmenna þegar kemur að námsframboði, vinna með þær leiðir sem hafa sýnt sig að eru gagnlegar og leggja fram aðgerðaráætlun um málaflokkinn.

2.2.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar

3. Menntun

3.2. Ef boðið er upp á færnisráningu er auðveldara að sjá hvort fólk eigi erindi í mat á námi (mat á námi úr öðru landi) eða í raunfærnimat byggt á þeirri hæfni sem það býr yfir úr atvinnulífi og félagsstörfum.

Talað er um „Aðgengi innflytjenda að upplýsingum um mat á menntun með tilliti til aðgengileika og eftirspurnar verði kortlagt“ (liður 3.2.2). Óljóst er hvert þessi vinna á að leiða. *Gæti farið betur á því að segja: Kortleggja og draga fram leiðir og setja fram áætlun um aðgerðir til að auka aðgengi að mati á menntun milli landa.*

3.2.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: IDAN fræðslusetur

3.4. Innan framhaldsfræðslunnar er stuðst við evrópska tungumálaráðgjafarmann með þrepaskiptum hæfnilýsingum og er hann notaður í rafrænu stöðuprófi á íslensku (Símenntunarmiðstöð Eyjatjarðar/Studieskolen): <https://www.simey.is/is/moya/page/icelandic-test>

3.4.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

3.5. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskólar bjóða fólki af erlendum uppruna upp á starfstengt nám, þ.e.a.s. Leikskólaliðann, Stuðningsfulltrúann, Félagsliðann o.fl., og veita viðeigandi stuðning. Raunfærnimat er til fyrir allar þessar námsleiðir. Fagstéttir innan menntakerfisins eru á ýmsum þrepum innan íslenska hæfnirammans um menntun.

3.5.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

3.6. Túlkaþjónusta er nú þegar veitt í raunfærnimati en einstaklingar verða sjálfir að greiða fyrir hana. Kostnaður við túlkaþjónustu hefur verið hindrun fyrir marga. Auka þarf fjármögnun fyrir túlkaþjónustu, en dæmi eru um að starfsmenntasjóðir hafi veitt styrk til fyrirtækja fyrir þjónustunni.

3.6.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

3.7. Ríkisborgaraprófin fara fram hjá símenntunarstöðvum, t.d. hjá Mími og SÍMEY, í samvinnu við Menntamálastofnun.

Hjá fræðslu- og símenntunastöðvum er mikið framboð af íslenskukennslu og þar er einnig framkvæmt rafrænt hæfnimiðað stöðumat sem er tengt evrópska tungumálaráðgjafarmannum (Studieskulen).

Sjá: <https://www.simey.is/is/moya/page/icelandic-test>

Starfstengd íslenska er víða kennd á vinnustöðum í samvinnu við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Einnig er boðið upp á tungumálamentora á vinnustað (dæmi LSH) sem og verkefni í samvinnu við HÍ. FA er tilbúin að taka að sér það hlutverk að þróa samræmt kerfi fyrir tungumálamentora á vinnustað að norrænni fyrirmynd, sbr. Sprákmentor: <https://www.vo-college.se/sprakombud>

3.7.4. Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

3.8. Framhaldsfræðslan er net fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem eru í miklu samstarfi við fyrirtæki, skóla, stofnanir og aðra hagaðila á sínu svæði. Þar eru veitt u.þ.b. 9.000 ráðgjafarviðtöl á ári hverju. Ráðgjöfin er markviss og tekur mið af þörfum einstaklinga og miðar að því að benda á leiðir til að draga fram og staðfesta færni, efla færni og tengja hana við möguleika á íslenskum vinnumarkaði. Mikið samstarf er á milli ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og FA um samræmdar aðferðir.

3. (bls.18) Eftirfarandi kemur fram í þingsályktunartillögunni: „Fjölmenningssetri og Vinnumálastofnun hafa verið falin aukin hlutverk í tengslum við samræmda móttöku flóttafólks, meðal annars til að annast ráðgjöf og þjónustu við sveitarfélög, íslenskukennslu og samfélagsfræðslu“.


FA vill koma á framfæri að Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, ná til þúsunda innflytjenda á ári hverju og er reynsla þeirra mikil af þjónustu við flóttafólk hvað varðar íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og félagslega aðlögun. Sú reynsla getur nýst enn frekar inn í þennan málaflokk.

3.6 (bls. 30) Einnig kemur eftirfarandi fram:

„Bent hefur verið á að raunfærnimatið, sem kostað er af Fræðslusjóði, sé ekki sniðið að þörfum útlendinga og ekki skipulagt fyrir aðra en þá sem eru fullfærir í íslensku. Þá er brýnt að skólum sé gert kleift að taka á móti þeim sem gengist hafa undir raunfærnimat og veita þeim

fullnægjandi stuðning á eigin tungu. Því þarf að beita öðrum aðferðum til að hvetja til mats, fá hæfni metna og auka fjölbreytileika náms og kennsluáferða“.

Íslenska raunfærnimatsferlið virkar vel fyrir innflytjendur ([Raunfærnimat í fisktækni – Gátt \(frae.is\)](#)) en þörf er á þýðingum á gögnum, túlkaþjónustu, þjálfun matsaðila með faglega þekkingu á öðrum tungumálum. Einnig þarf að formfesta og fjármagna tungumálastuðning í því námi sem út af stendur á framhaldsskólastigi þannig að fólki gefist raunverulegur kostur á að ljúka námi í kjölfar raunfærnimats.



Nýta þarf niðurstöður úr VISKA (https://viskaproject.eu/wp-content/uploads/2020/02/VISKA-Executive-Summary-for-National-conference-Feb-2020_IS.pdf) verkefninu inn í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda sem á að leggja upp fyrir árin 2021- 2024. Upplýsingagjöf um íslenska skólakerfið og stuðning í íslensku við innflytjendur í framhaldsskólum þarf að formfesta og fjármagna. Móta þarf heildstæða stefnu um íslenskunám innflytjenda og skoða sérstaklega hlutverk og ábyrgð hagsmunaaðila, ekki síst innan atvinnulífsins.

Vefurinn [Næsta skref](#) er upplýsingavefur um störf og nám á íslensku. Verið er að þýða efni vefjarins á ensku og verður þeirri vinnu lokið í lok ágúst. Markmiðið er að ná til þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Kosturinn við Næsta skref er að vefurinn er byggður á einföldum lýsingum á störfum í íslensku samfélagi, lýsingum á styttri og lengri námsleiðum og leiðum í raunfærnimati. Í gegnum vefinn er aðgengi að rafrænni ráðgjöf.

4. Vinnumarkaður

4.3. Í þessum lið er markmiðið að dregið verði úr langtímaatvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. FA hefur þróað verkfæri fyrir fólk á vinnumarkaði og þá sem vilja bæta stöðu sína. Með aukinni samvinnu á þróun leiða á milli FA og Vinnumálastofnunar er hægt að mæta enn betur langtímaatvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara, t.d. með raunfærnimati í almennri starfshæfni og á mótí viðmiðum atvinnulífsins.

5. Flóttafólk

5.8.4. *Dæmi um samstarfsaðila: Fjölmenn, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.*

F.h. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Hildur Betty Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri FA